Nesfréttir

DESEMBER 2018 • 12. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is 30. ára

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Fyrstu tónleikar barnakórsins

Barnakór Seltjarnarneskirkju sem stofnaður var í haust kom fram opinberlega í fyrsta sinn 2. des. sl. á árlegu aðventukvöldi þar sem m.a. vígslubiskupinn nýi í Skálholti, séra Kristján Björnsson flutti jólahugvekju.

Sungu börnin af lífi og sál fjögur lög sem vöktu gleði og aðdáun. Margir sóttu viðburðinn og var gerður mjög góður rómur að öllu því sem fram fór. Á eftir voru veitingar í safnaðarheimilinu. Þorteinn Freyr Sigurðsson er stjórandi kórsins en Friðrik Vignir Stefánsson lék undir á píanó en hann hefur tekið þátt í þjálfun barnakórsins, auk þess að stjórna Kammerkór kirkjunnar sem einnig söng þetta kvöld.

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Nýr jólamiði!
HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

Góð þjónusta – Hagstætt verð
Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2
Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16
Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS GREIÐSLUMAT Á NETINU
HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA ÍSLANDSBANKA
Netgreiðslumat Íslandsbanka er endurgjaldslaust til ársloka
Íslandsbanki

Nesfréttir
www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. *S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298*
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • *ÁBYRGÐARMAÐUR:* Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson *UMBROT:* Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • *HEIMASÍÐA:* borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Fjárhagsáætlun og samvinna

Meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar Seltjarnarness tókust á um frumvarp að fjárhagsáætlun bæjarfélagsins og þriggja ára áætlun á fundi bæjarstjórnarinnar miðvikudaginn 28. nóvember sl.

Í bókun frá bæjarfulltrúum minnihlutans koma fram áhyggjur af fjárhagsstöðu bæjarfélagsins og því varpað fram ekki verði fyrirséð að bærinn geti sinnt eðlilegu viðhaldi á eignum sínum á árinu 2019. Þá er einnig bent á hversu lítið af þeim fjárfestingum sem settar voru inn í áætlun 2018 hafa verið framkvæmdar og birtast nú aftur fyrir árið 2019.

Félags- og skólamál voru einnig til umræðu á bæjarstjórnarfundinum. Í bókun meirihluta bæjarstjórnar er því lýst að þeir þættir sem snerta grunnþjónustu bæjarfélagsins hafi ekki afgerandi áhrif á rekstur sveitarfélagsins og lögbundinnar þjónustu þess séu gerð góð skil í fjárhagsáætluninni, stærsti einstaki liður hennar sé launakostnaður.

Nokkur fólksfjölgun hefur orðið í bæjarfélaginu að undanförnu. Ungt fólk hefur verð að flytja á Nesið og börnum í leik- og grunnskóla verið að fjölga af þeim sökum. Eldra fólki er einnig að fjölga á Nesinu líkt og í mörgum öðrum sveitarfélögum. Þessar breytingar kalla á aukin verkefni. Þar þurfa meiri- og minnihluti bæjarstjórnar fremur að vinna saman en að takast á.

Hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi

Hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi var auglýst á dögunum. Það er bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands sem efnir til hennar. Í keppnislýsingu er áætluð heildarstærð leikskólans um 2.400 fermetrar, en keppnissvæðið er 9.589 fermetrar að stærð. Þar skal gert ráð fyrir leiksvæði, aðkomu og bílastæðum. Nýr leikskóli skal byggður á núverandi svæði leikskólans, ásamt svæði sem gengið hefur undir nafninu Ráðhúsreitur. Við ákvörðun um staðarval undir nýjan leikskóla, var horft til aðgengis og gildandi aðalskipulags Seltjarnarnesbæjar, sem gerir ráð fyrir að á reit S-3 sé samfélagsþjónusta.

Markmiðið með hönnunarsamkeppninni er að fá fram metnaðarfullar hugmyndir um byggingu leikskóla á þessum stað sem myndar sterka byggingarlega heild með núverandi umhverfi. Staðsetning byggingarinnar skal falla sem best inn í umhverfið og skyggja sem minnst á aðliggjandi lóðir og útivistarsvæði leikskólans. Mikil áhersla er lögð á góða aðstöðu fyrir börn og starfsfólk auk þess sem leggja skal áherslu á góða nýtingu rýmis og samspil úti- og innisvæða. Við hönnun skal leggja áherslu á hagkvæmni í byggingu og rekstri. Hugað skal að mannlífi bæði innan- og utandyra og að líf þeirra sem þarna dvelja verði gott, þægilegt, líflegt og skemmtilegt. Nýr leikskóli verður í góðum tengslum við aðrar þjónustustofnanir m.a. félagsheimili, íþróttahús, Hreyfiland og bókasafn bæjarins. Samkeppnin er opin tveggja þrepa keppni þar sem allt að fimm tillögur verða valdar af fyrir þrepi til nánari útfærslu á seinn þrepi hennar. Áætlað er að vinningstillaga verði kynnt í maímánuði 2019.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Rennie®
20% afsláttur í desember

Reykjavíkur Apótek
Rennie 680 mg/80 mg tuggutöflur draga úr óþægindum eins og brjóstsviða og bakflæði, ásamt sýrutengdum magaverkjum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Bayer AB. BAY181201 - desember 2018.

Seltjarnarnesbær auglýsir til sölu fasteignina Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi

Byggingin er staðsett á friðuðu svæði í sannkallaðri náttúruparadís á Vestursvæðum Seltjarnarness við hlið Nesstofu, á einum fallegasta útsýnisstað höfuðborgarsvæðisins.

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í fasteignina að Safnatröð 5 en langtímaleiga kemur einnig til greina. Innsend tilboð þurfa að innihalda ítarlega greinargerð um þá starfsemi sem tilboðsgjafar hyggjast hafa í húsinu en á svæðinu gildir deiliskipulag sem markar nokkuð hvaða starfsemi má fara fram í því.

Fasteignin stendur á svæði sem skilgreint er sem samfélagsþjónustusvæði en þar eru Nesstofa, Lyfjafræðisafnið og Urtagarðurinn einnig staðsett. Í næsta nágrenni er verið að ljúka við byggingu hjúkrunarheimilis og aðeins fjær eru hafnar framkvæmdir á Bygggarðasvæðinu þar sem ný íbúðabyggð mun rísa í stað iðnaðarhúsnæðis.

Fasteignin að Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi er alls **1.363 fm** og skiptist þannig að **aðalhæðin er 937 fm** og **kjallarinn er 426 fm**. Húsið er fokhelt og er að mestu fullklárað að utan. Lóðin er komin í rétta hæð og á henni er gert ráð fyrir bílastæðum. Í húsinu er engin starfsemi.

Frekari gögn og upplýsingar má fá á skrifstofu Seltjarnarnesbæjar auk þess sem hægt er að nálgast upplýsingar um aðal- og deiliskipulag á **www.seltjarnarnes.is**

Tilboðum skal skilað á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2 fyrir kl. 12.00 þann 31. janúar 2019. Seltjarnarnesbær áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða að hafna öllum tilboðum.

Nánari upplýsingar veitir **María B. Óskarsdóttir**, sviðsstjóri menningar og samskipta hjá Seltjarnarnesbæ í síma 59 59 100.

SELTJARNARNESBÆR

Bókun meirihluta bæjarstjórnar

Engar tillögur frá minnihlutanum um skólamálin

Í bókun meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar vegna umræðna um fjárhagsáætlun bæjarins segir að rangt sé hjá minnihluta bæjarstjórnar að þriggja ára áætlun bæjarfélagsins endurspegli einungis að takmörkuðu leyti viðamiklar framkvæmdir sem framundan eru á næstu árum. Í bókuninni segir að í dag sé verið að ljúka við byggingu hjúkrunarheimilis fyrir fjörutíu íbúa ásamt nýju húsnæði fyrir dagvistun. Framkvæmdir við stækkun íþróttamiðstöðvar séu hálfnaðar og endurnýjun á gamla handboltasalnum lokið.

Meirihlutinn bendir á að uppbygging á þjónustu fyrir fatlað fólk sé komið í ferli í samstarfi við ÁS styrktarfélag um byggingu á sambýli fyrir sex einstaklinga við Kirkjubraut. Meirihlutinn vill minna á að stjórnendur Grunnskólans vinna eftir stefnu menntamálaráðuneytisins og nýrri aðalnámskrá og spyr hvað minni hlutinn eigi við um heildarendurskoðun á uppbyggingu skólamála hvort ekki eigi að fara eftir aðalnámskrá og kjarasamningum. Í bókun meirihlutans segir að engar tillögur minni hlutans liggi fyrir eða hafi verið teknar til umræðu í skólanefnd hvað þetta mál varðar. Meirihlutinn hefur talað um að inntökualdur í leikskólann tengist ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lengingu á fæðingarorlofi. En meirihlutinn kemur til móts við fólk með því að veita foreldrum val um leikskóla, niðurgreiðslur fyrir dagvistun og heimgreiðslur.

Þessir þættir er snerta grunnþjónustu bæjarfélagsins hafa ekki afgerandi áhrif á rekstur sveitarfélagsins eins og minnihlutinn gefur í skyn, lögbundinnar þjónustu sveitarfélagsins eru gerð góð skil í þessari áætlun. Eins og fram kemur í þessari áætlun er stærsti einstaki liður hennar launakostnaður.

Í bókun meirihlutans segir að í þriggja ára áætlun birtist sýn sjálfstæðismanna á hvernig starfsemi og fjármál sveitarfélagsins komi til með að þróast á næstu þremur árum út frá gefnum forsendum þótt óvissa ríki um ýmsa þætti sem skipta verulega máli við áætlanagerð.

N og S listinn í bæjarstjórn

Ekki fyrirséð að bærinn geti sinnt eðlilegu viðhaldi

Bókun N og S lista um fjárhagsáætlun Seltjarnarnessbæjar fyrir árið 2019 segir meðal annars að áberandi sé hversu naumur fjárhagur bæjarins er. Afgangur bæjarsjóðs er áætlaður um 22 milljónir króna, sem nemur um hálfu prósenti af heildarútgjöldum bæjarins. Ljóst er að ekki má mikið út af bera til að reksturinn verði neikvæður og skuldasöfnun bæjarsjóðs haldi áfram.

Einnig segir í bókuninni að við skoðun áætlunarinnar verði ljóst að ekki er fyrirséð að bærinn sinni á árinu 2019 eðlilegu viðhaldi á eignum sínum, bærinn hækkar allar gjaldskrár á bæjarbúa svo sem leikskólagjöld, gjöld fyrir frístundastarf, heimaþjónustu og tómstundastarf aldraðra. Raunlækkun er til félagsmála milli ára þrátt fyrir aukna þjónustuþörf og upplýsingar frá félagsmálastjóra um að þörf hefði verið að hækka útgjöld til málaflokksins milli ára.

Þá segir það stinga í stúf hversu lítið af þeim fjárfestingum sem settar voru inn í áætlun 2018 hafa verið framkvæmdar og birtast þær nú aftur fyrir árið 2019. Árið 2018 voru áætlaðar 125 milljónir í byggingu sérbýlis fyrir fatlað fólk sem ekki eru hafin. Nú eru settar 100.000.000 í verkefnið án þess að búið sé að taka endanlega ákvörðun um staðsetningu og ljúka skipulagi fyrir verkefnið. Viðhald á klæðningu Mýrarhúsaskóla var á áætlun 2018 60 milljónir en birtist nú aftur fyrir árið 2019 sem 50 milljónir. Eðlilegt er að spurt sé hvernig standi á því að rekstur bæjarfélagsins sé svo naumur, nú þegar efnahagsuppsveifla hefur verið viðvarandi í landinu undanfarin sjö ár?

Kjötkompaní
NAUTALUND
WELLINGTON
Hafnarfirði & Granda
www.kjotkompani.is
578 9700
kjotkompani@kjotkompani.is
kjotkompani

Búið að auglýsa Lækningaminjasafnshúsið til sölu

Seltjarnarnesbær hefur auglýst Safnatröð 5 til sölu en húsið er þekkt sem Lækningaminjasafnið. Húsið er alls 1.363 fermetrar fokhelt að innan en að mestu fullklárað að utan. Í auglýsingunni kemur fram að tilboðum þurfi að fylgja ítarlegar greinargerðir um starfsemina og hvað væntanlegir kaupendur hyggist fyrir hvað varar notkun hússins. Umhverfi hússins er háð deiliskipulagi sem skipulagt er sem safnasvæði. Í nágrenni þess eru Nesstofa, Lyfjafræðisafnið og Urtagarðurinn. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði í húsinu og mikilvægt er að starfsemi þar falli að umhverfinu.

Safnatröð 5. Oft nefnt Lækningaminjasafnshúsið.

Engin starfsemi er í húsinu enda langt í frá full klárað. Heildarkostnaður við byggingu þess var talinn vera um 700 milljónir króna í lok árs 2012. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyri að heildar kostnaður við byggingu þess yrði um 345 milljónir. Lækningaminjasafn Íslands var stofnað samkvæmt stofnskrá sem byggði á samningi Læknafélags Íslands, menntamálaráðuneytis, Seltjarnarnesbæjar og Þjóðminjasafns Íslands um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðisins. Seltjarnarnebær lagði nokkurt fé til byggingarinnar í upphafi eða um 150 milljónir króna Talið er þurfa á bilinu 300 til 400 milljónir til þess að ljúka byggingu þess. Hluti af því er vegna þess að hvorki er búið að leggja hita eða rafmagn í það. Viðræður fóru fram um að ríkið kæmi að byggingu hússins til að unnt yrði að ljúka henni en þær skiluðu ekki árangri. Íbúar á svæðinu hafa kallað eftir að hreyfing komist á mál hússins og að unnt verði að ljúka byggingu þess þar sem það liggi þegar undir skemmdum. Af þeim ástæðum meðal annars hefur bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar ákveðið að auglýsa það til sölu. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um starfsemi í húsinu eftir að ljóst var að það yrði ekki notað fyrir lækningaminjasafn. Ekkert hefur orðið úr þeim enda óljóst hvort eða hvenær byggingu þess muni ljúka.

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR

FISKBÚÐIN VEGAMÓT

NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ MÁN - FIM KL. 10 - 18:30
FÖSTUDAGA KL. 10 - 18

Arna
ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi

Dagur íslenskrar tungu í Mýró

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Mýró að vanda en hann bar upp á föstudaginn 16. nóvember.

Settar voru upp sýningar í sal skólans. Fyrsti bekkur söng íslenskt þjóðlag – Austan kaldinn á oss blés, og annar bekkur flutti ljóðið Ég bið að heilsa eftir Jónas Hallgrímsson. Þriðji bekkur flutti síðan leikþátt um ævi Jónasar. Einnig komu góðir gestir af elstu deild leikskólans.

SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2018
FER FRAM FIMMTUDAGINN 31. JANÚAR 2019
Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótta- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótta- og tómstundanefndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:

- **Nafn, kennitala, heimili og sími.**
- **Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.**
- **Ástundun og hversu mikið er æft.**
- **Titlar eða árangur.**
- **Félagslega hliðin.**
- **Annað sem þið viljið koma á framfæri.**

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 5. janúar 2019.

Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótta- og tómstundanefndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á póstfangið haukur@seltjarnarnes.is.

Með öllum umsóknum skal leggja fram greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns- og konu Seltjarnarness.

SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA

SINDUR hálsmen: 14.800 kr.

KOLGA hálsmen: 14.000 kr.

KOLGA lokkar: 10.700 kr.

SINDUR armband: 18.900 kr.



SAND hálsmen: 13.300 kr.

KOLGA hringur: 16.400 kr.

SINDUR lokkar: 9.900 kr.

SAND lokkar: 18.800 kr.

aurum

BY

GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

FRÍ HEIMSENDING af www.aurum.is

1. des í Való

Hin árlega 1. des hátíð 10. bekkinga í Valhúsaskóla var haldinn með glæsibrag í Félagsheimili Seltjarnarness. Á þessu kvöldi bjóða unglingarnir foreldrum sínum til veislu, sýna skemmtiatriði, flytja leikrit og dansa. Mikil vinna liggur að baki og allir nemendur í 10. bekk komu með einum eða öðrum hætti að undirbúningi hátíðarinnar undir leiðsögn starfsfólks Selsins og Valhúsaskóla.

Dagskráin hófst með ávarpi formanns nemendaráðs, Jennýjar Guðmundsdóttur. Að því loknu voru flutt tvö glæsileg tónlistaratriði. Þá var komið að söngleiknum Með allt á hreinu þar sem 41 leikarar stigu á svið undir leikstjórn Gissurar Ara Kristinssonar og Sunnu Maríu Helgadóttur starfsmanna Selsins. Auk leikara voru 6 tækni- og sviðsmenn sem tóku þátt í sýningunni. Sýningin var frábær í alla staði og eiga leikstjórar og nemendur hrós skilið. Eftir leiksýninguna var boðið upp á veitingar og síðan sveifluðu nemendur foreldrum sínum á dansgólfinu en hún Metta þjálfaði unglingana í danslistinni í íþróttatímum vetrarins. Hljómsveitin Meginstreymi hélt síðan uppi stuðinu fram að miðnætti og fóru allir glaðir og kátir heim að lokinni vel heppnaðri skemmtun.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk Hársnyrtistofunnar Permu

PERMA

HÁRSNYRTISTOFA
EIÐISTORGI 13 - 15
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

FRÓÐLEIKUR OG FJÖR!

Hvítabjarnabókin spannar komu hvítabjarna til Íslands allt frá landnámi til okkar daga - með viðkomu í sögnum og þjóðsögum. Þetta er mikið verk um hinar grimmustu skepnur sem hingað hafa komið.

Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum er bráðskemmtileg og segir jafnt frá tenntum og tannlausum mönnum, en umfram allt geggjuðum húmoristum.

Mismælabókin - ávísun á taumlausan hlátur allt frá fyrstu blaðsíðu til þeirrar síðustu og það er sko vissara „að hafa vaðið fyrir ofan sig," eins og Lási kokkur sagði.

Dagsannar lygasögur af Þingeyingum - bók sem beðið hefur verið eftir, enda er ekki hægt að ljúga upp á þetta síkáta fólk!

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
www.holabok.is • holar@holabok.is

Sólaspil FJÖLSKYLDUNNAR
FÆRÐU Í SPILAVINUM

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni)
www.spilavinir.is



JÓLA-FJÖR

á Granda

25% afsláttur

inni- og útiseríur jólaljós

25% afsláttur

af útiskrauti/ fígúrum

25% afsláttur

af öllum leikföngum

25% afsláttur

af pottum & pönnum

20% afsláttur

af gervijólatrjám

Skoðaðu jólagjafa-handbókina

á byko.is

Nýtt

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

OPIÐ

VIRKA DAGA **8-18:30**
LAUGARDAGA **10-18**
SUNNUDAGA **11-17**
WWW.BYKO.IS

BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!

Viðtal við Jón Axel Egilsson

Við förum ekki af Seltjarnarnesi

- segir Jón Axel Egilsson kvikmyndagerðarmaður og rithöfundur

Jón Axel Egilsson gaf út bók á dögunum sem nefnist Föruneyti Signýjar. Útgefandinn er Óðinsauga. Söguþráðurinn byggir að nokkru á ævintýrinu Sagan af Hlini Kóngssyni og þjóðsögunni Sálin hans Jóns míns. Þorgrímur Gestsson, rithöfundur og blaðamaður, las síðustu próförk að bókinni og kallar hana Þjóðsagnalega skáldsögu. Jón Axel var tvö ár í þjóðfræði til að afla sér þekkingar á efninu, en varð að hætta vegna Hrunsins. Í bókinni leitar hann í sagnaheim og goðsögur fyrri tíma og fer með lesandann í stórkostlegt ferðalag. Þar er líka ljóð um Hlina sem lagt er í munn Signýjar Karlsdóttir sem Sigríður Magnúsdóttir eiginkona Jóns Axels orti. Hugmyndasmíð, skrif og ljóðagerð eru sterk í þessari fjölskyldu sem kemur vel fram hjá eldri syni þeirra hjóna, Davíð Þór Jónssyni sóknarpresti í Laugarnesprestakalli sem einnig er þekktur fyrir sköpunargáfu á þessu sviði. Jón Axel er þekktastur fyrir teikningar sínar og vatnslitamyndir, heimildamyndir og auglýsingar. Hann hefur haldið tvær sýningar á vatnslitamyndum í bókasafni Seltjarnarness. Á dögunum settist hann niður með Nesfréttum en hann er búsettur á Seltjarnarnesi. Sú saga er nokkuð merkileg vegna þess að þau hjónin keyptu sömu íbúðina tvisvar.


Jón Axel Egilsson.

En hver er bakgrunnur Jóns Axels? Hann var í Verzló 1966 og er lærður kvikmyndagerðarmaður frá Danska kvikmyndaskólanum. Hann hefur unnið mikið að gerð teiknimynda enda sjálfur teiknari og að ýmis konar kvikmyndagerð. Meðal annarra verka sem Jón Axel hefur unnið er 25 mínútna löng teiknimynd um Djáknann á Myrká. Sú vinna fór að mestu fram í teiknimyndaverinu Dauka í Lettlandi 1993. "Það komu 103 listamenn að því verki. Hilmar Örn Hilmarsson samdi tónlist fyrir myndina eftir stefjum Jórunnar Viðar. Næsta stóra verkefnið var Stúfur sem átti að verða teiknimynd í fullri lengd. Mér var boðið að kynna verkið fyrir evrópskum framleiðendum í Osló 1996 en það þótti of stórt. Þá byrjaði ég að skrifa skáldsögu upp úr efninu sem tók mig 20 ár, enda unnið með öðrum verkefnum. Ég gerði einnig sjónvarpsseríu sem nefnist Litahvörf og eru 14 stuttar heimildamyndir um listamenn. Þær voru sýndar á RÚV árið 2007 og hægt er að skoða í dag á youtube.commeð því að skrifa LITHVÖRF í leitarstreng. Úr því efni vann ég síðan 52. mínútna langa heimildamynd um Birgi Andrésson myndlistarmann sem nefnist Næsti hálftími verður þrjú korter og var sýnd á RÚV 2010."

Kókómjólkurkötturinn Klói

Af þekktum auglýsingum má nefna að Jón Axel hannaði kókómjólkurköttinn Klóa og teiknaði tug sjónvarpsauglýsinga með honum. Fyrsta auglýsingin kom 1991 en tíu árum seinna kom upp hugmynd um að vinna Klóa í þrívídd, sem var farin að ryðja sér til rúms í auglýsingagerð. „Ég var á móti því þar sem ég taldi að Klói væri tvívíð teiknimyndapersóna, en þetta var sótt fast og endaði með að ég „seldi conseptið".

Afi minn stofnaði Ljósmyndarafélagið

„Ég hef alltaf teiknað, skrifað, tekið ljósmyndir og síðar kvikmyndir" segir Jón Axel. Hann á ekki langt að sækja næmt auga fyrir myndum því móðurafi hans var Jón J. Dahlmann ljósmyndari (1873-1949). „Hann var einn af stofnendum Ljósmyndarafélags Íslands og fjörutíu árum síðar var ég einn af stofnendum Félags kvikmyndagerðarmanna. Ég er að hugsa um að setja saman bók með æviágripum hans, greinum og ljósmyndum, fara á sömu staðina, taka myndir og sýna hvernig þessir staðir líta út í dag. Ég verð 75 ára á næsta ári og hann var 75 ára þegar hann lést."

Varð seint læs en á einni nóttu

„Afi átti Laugaveg 46 og var með ljósmyndastofu í risinu og tímapantanir á jarðhæðinni. Nú hefur húsið verið gert upp og ég er mjög ánægður með það. Afi tók heilu seríurnar af ljósmyndum af mér, en ég sá um að koma megninu af glerplötunum hans (negatífunum) til Þjóðminjasafnsins á sínum tíma. Afi missti Ingibjörgu ömmu mína 1940 og skömmu síðar seldi hann allt og flutti á Seljaveginn rétt hjá foreldrum mínum á Holtsgötunni. Móðir mín var yngsta dóttir hans og hann kom í mat til okkar. Ég varð seint læs en það gerðist eiginlega á einni nóttu. Ég hafði hugsað töluvert um það hvort afi hafi kennt mér að lesa. Ég var fimm ára þegar hann féll frá og seinna spurði ég móðursystur mína hvort þetta gæti staðist. Hún taldi það alls ekki ólíklegt og að eftir fráfall hans hafi ekki verið hugsað meira um strákinn að þessu leyti. Um jólin fékk ég bók að gjöf. Ég las hana alla á jólanóttinni og reyndist þá læs þegar til kom. Þarna hefur trúlega vaknað til lífsins lestrarkunnátta sem ég hafði náð að tileinka mér en legið niðri frá því afi féll frá. Hann var fæddur 1873 og hafði

Jón Axel gaf út bók á dögunum sem nefnist Föruneyti Signýjar.

verið í Hólaskóla. Trúlega hefur lestrarkennsla hans verið með öðrum hætti en Gagn og gaman kennaranna í Melaskólanum."

Á 50 árganga af Andrési á dönsku

„Ég átti fimm systur sem allar voru í Landakoti, en var sendur í Melaskólann þegar ég var átta ára. Ég gekk með gleraugu og það þótti ekki fínt og ég var því hálf út undan í skólanum. Ég átti danskan vin sem bjó í húsi við Kaplaskjólsveg og þar var loftvarnarbyrgi þar sem við lékum okkur. Ég bjó á Hringbrautinni og við urðum samferða í gegnum Kamp Knox í Melaskólann. Hann kynnti mig fyrir Andrési Önd sem elsta systir mín keypti svo handa mér og þannig var ég farinn að lesa dönsku löngu áður en ég kunni að bera hana fram. Ég á 50 árganga af Andrési á dönsku sem ég þarf að koma í verð."

Á skautum á Haugatjörninni

„Ég er fæddur og uppalinn í Vesturbænum. Við krakkarnir fórum á skauta á Haugatjörninni eins og hún var kölluð. Víða stóðu strá upp úr ísnum og því þurfti maður að gæta sín. Tjörnin var í mýrinni rétt hjá ruslahaugunum, sem teygðu sig út í sjó á móts við Suðurströndina, en strandlengjan frá haugunum að Selsvör var undirlögð af rusli áður en hún var hreinsuð. Pétur Hoffmann, grásleppukarl, bjó í kofa á bakkanum við Selsvörina og er einn af þessum gömlu köllum sem alltaf var gaman að heimsækja og spjalla við. Hann gramsaði mikið á haugunum og fann þar ýmsa dýrgripi. Eitt sinn stríddu eldri strákarnir Pétri og það fór eitthvað í taugarnar á mér og ég lét eitthvað fjúka. Þá tóku þeir mig, skelltu mér á fjöl og létu mig rúlla út í sjó á mjórri dráttarbraut sem Pétur notaði til að sjósetja bátinn. Hann dró mig upp úr sjónum og ég fór rassblautur heim."

Keyptum sömu íbúðina tvisvar

„Ég vann í tölvudeild ÍSAL og við byggðum raðhús í Norðurbænum í Hafnarfirði með byggingafélagi starfsmanna ÍSAL. Við hjónin og eldri sonurinn, Davíð Þór, unnum öll í Reykjavík og ákváðum að selja og flytja í bæinn. Yngri sonurinn, Daníel Freyr, var sáttur við það því það gaf honum tækifæri á að komast í MR sem hann og gerði og stóð sig með prýði. Síðar fluttum við á Seltjarnarnesið. Við festum kaup á íbúð á fjórðu hæð við Tjarnarbólið og höfðum því gott útsýni yfir mýrina annars vegar og til Bessastaða og Keili hins vegar. Þá var engin byggð risin í mýrinni. Þegar ég vann að myndinni um Djáknann á Myrká fékk verkefnið styrk frá Sænska sjónvarpinu. Á sama tíma féll sænska krónan um allt að 6% og ég skuldaði Dauka og fleirum fyrir vinnu. Við urðum því að selja og höfðum makaskipti við ung hjón á Melabraut á Nesinu. Þar bjuggum við á jarðhæð í sjö ár og sáum alltaf eftir Tjarnarbólinu og útsýninu. Síðan gerist hið óvænta að við sjáum íbúðina auglýsta til sölu. Við fórum á sunnudegi að skoða og fólkið sem keypti af okkur bjó þar enn. Á mánudagsmorgninum náðum við í fasteignasalann sem hringdi svo síðdegis og sagðist vera með ungt par sem vildi skoða íbúðina okkar á Melabrautinni. Samningar tókust á alla kanta og á fimmtudeginum vorum við búinn að kaupa Tjarnarbólið aftur."

Förum ekki af Seltjarnarnesinu

„Nei – við förum ekki af Seltjarnarnesi," segir Jón Axel ábúðarfullur þegar hann er beðinn að skyggnast inn í framtíðina. "Útsýnið er mjög fallegt. Fyrsta desember fórum við hjónin niður á Austurvöll til að mótmæla talsmáta sexmenninganna. Það var fremur kalt þennan dag og þegar við komum heim settumst við í eldhúskrókinn og fengum okkur heitt og sterkt kaffi til að taka kuldahroll úr okkur. Við litum út um gluggann og horfðum á þá fallegu náttúrumynd sem við okkur blasti. Það gerist ekki betra."

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.

Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.

Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

GB TJÓNAVIÐGERÐIR

Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Nærðu þig og þína í Systrasamlaginu

ORÐ HAFA ÁHRIF
Möntru armböndin
Silfur, gull, rósagull.
Verð frá
6.500

KRISTALSVATNSFLÖSKUR & KRISTALLAR

JÓGA- OG HUGLEIÐSLUVÖRUR
Endlaust fallegt úrval af jógadýnum, hugleiðslupúðum, jógafatnaði og allskyns fylgihlutum.

Minnum á hugleiðslu
alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

FATNAÐUR BySirrý

CACAÓ & ANNAÐ Á BOÐEFNABARNUM

GJAFABRÉF ER GULLMOLI
Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.

VINSÆLI JÓGASAMFESTINGURINN

FLOTHETTAN
15.900

Ath. Opið lengur í desember.

Afgreiðslutími í desember.
Mán-10-16.
Þri-fös 10.00-18.00.
Lau: 11.00-16.00.

Systrasamlagið
Óðinsgötu 1
Sími: 511 6367
www.systrasamlagid.is

Frá samráðsfundinum.

Stefnumótun í ferðaþjónustu

Seltjarnarnesbær vinnur nú að stefnumörkun ferðamála á Seltjarnarnesi og hvernig best má bregðast við aukinni aðsókn ferðafólks hingað ekki síst að viðkvæmum náttúruperlum vesturssvæðisins. Markmiðið er að móta skýra stefnu og framtíðarsýn í þessum málaflokki, velta upp áskorunum og tækifærum fyrir íbúa og bæjarfélagið ásamt því að útbúa vel skilgreinda aðgerðaráætlun.

Það má með sanni segja að talsvert hefur verið rætt um þetta viðfangsefni í nefndum og ráðum bæjarins á undanförnum misserum. Unnin var greinargóð samantekt sem kom út árið 2016 og mál stöðugt að þróast. Nýlega kom út áfangastaðaáætlun Höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta á vegum stjórnstöðvar ferðamála en Seltjarnarnesbær var þátttakandi í þeirri vinnu auk þess sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf fyrr á árinu út landsáætlun í uppbyggingu innviða 2018-2020. Tekið verður tillit til þessa og fleiri þátta í vinnunni sem framundan er en ráðgjafafyrirtækið Alta vinnur að stefnumörkuninni með Seltjarnarnesbæ og fól bæjarráð undirritaðri að leiða þá vinnu fyrir hönd bæjarins.

Samráðsfundur var í lok nóvember

Stefnumótunarferlið sjálft mun taka nokkrar vikur en fyrsta skrefið var samráðsfundur sem haldinn var í lok nóvember þar sem fulltrúar úr nefndum og ráðum bæjarins, starfsmenn og nokkrir hagsmunaaðilar komu saman, alls um fimmtíu manns. Mikil áhersla er lögð á það markmið að útbúa heildstæða stefnu sem tekur tillit til allra helstu sjónarmiða um viðfangsefnið og leiðir til fyrirkomulags sem sátt ríkir um. Gert er því ráð fyrir því að fleiri aðilar og hópar verði kallaðir til eftir því sem verkefninu framvindur enda samráð á öllum stigum verkefnisins talið lykilatriði svo vel takist til í stefnumörkuninni.

María Björk Óskarsdóttir.
Sviðsstjóri menningar- og samskiptamála hjá Seltjarnarnesbæ.

TAKE AWAY

OPIÐ TIL 21 ÖLL KVÖLD

XO

FUN · FAST · FUSION

XO VEITINGASTAÐUR Facebook

Smáralind og JL húsi, vesturbæ

S: 571 3888

XOisland.is

tripadvisor

Allar flatbökur + frítt gos 1.890 kr* alla daga til kl. 16, í JL húsi

*Humarbaka á 1.990 kr.

FÁÐU TILBOÐ

FRÍ SENDING TIL FYRIRTÆKJA - 10 RÉTTIR EÐA FLEIRI

Fyrirtækjaþjónusta XO

Fyrirtækjaþjónusta XO bíður upp á ferskan og hollan mat sem tilvalin er fyrir vinnustaði og stærri hópa

Sendu okkur fyrirspurn á Pantanir@XOisland.is eða hringdu, 571-3888

Metfjöldi á rithöfundakvöldi bókasafnsins

- Gerður Kristný, Guðrún Eva, Lilja Sigurðar og Sigursteinn komu með bækur sínar

Yfir 130 manns sóttu hið árlega rithöfundakvöld Bókasafns Seltjarnarness sem fór fram þriðjudaginn 20. nóvember og var afar vel heppnað og skemmtilegt að mati gesta.

Gestir að þessu sinni voru rithöfundarnir Gerður Kristný með ljóðabók sína Sálumessa, Guðrún Eva Mínervudóttir með skáldsöguna Ástin Texas, Lilja Sigurðardóttir með nýja bók sína Svik og Sigursteinn Másson með ævisögu sína Geðveikt með köflum. Þorgeir Tryggvason heimspekingur og bókmenntarýnir stýrði umræðum. Aðgangur var ókeypis og jólastemning sveif yfir á þessum viðburði sem er einn af hápunktum vetrarins en meðal annars var boðið upp á óáfengt jólaglögg, kaffi og smákökur. Í Gallerí Gróttu bauð myndlistarkonan Ingibjörg Huld Halldórsdóttir upp á leiðsögn um sýningu sína Helgimyndir áður en rithöfundakvöldið hófst.

Fullveldið til umfjöllunar á þemadögum í Mýró

Í lok nóvember voru þemadagar í Mýró þar sem fjallað var um fullveldið. Fyrstu bekkingar fjölluðu um íslenska fánann fyrr og nú. Í öðrum bekk var fjallað um leikföng og þriðju bekkingar skoðuðu fatnað fólks og þá sérstaklega þjóðbúninginn okkar.

Nemendur í fjórða bekk skoðuðu gamlar auglýsingar og kynntu sér mat, skemmtanir og brandara frá þessum tíma. Í fimmta bekk var búið til stórt landakort og merkt inn hvar áhrif hörmunga ársins 1918 voru mestar. Sjöttu bekkingar bjuggu til 11 stuttmyndir þar sem fjallað var um helstu atburði ársins 1918.

Afrakstur þemadaganna mátti sjá á göngum skólans. Allir voru áhugasamir og skiluðu góðu verki.

Boðskapur jólanna

- eftir sr. Bjarna Þór Bjarnason

Sr. Bjarna Þór Bjarnason.

Kæri lesandi.

Öll þekkjum við boðskap jólanna og þá fegurð og kærleika sem felast í honum. Eitt af því sem tilheyrir þessum fallega boðskap er gott umtal um náungann. En náungi okkar er fólkið í þessari veröld hvort sem það býr í okkar næsta umhverfi eða úti í hinum stóra heimi.

Fréttir undanfarinna vikna hafa einkennst af atburðum sem tengjast baktali. Við þekkjum öll þennan fréttaflutning og þær umræður sem fylgt hafa í kjölfarið. Jesús var á móti öllu baktali. Það er deginum ljósara. Orð hans bera vott um það. Gullna reglan hans segir: „Allt það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra."

Okkur líður öllum betur ef við tölum vel um náungann. Ef við getum það ekki er betra að segja ekki neitt. Illt umtal og niðurrif skilar okkur engu öðru en óöryggi, vanlíðan og vondum tilfinningum. Þess vegna skulum við hafa orð Jesú í huga á þessari jólaföstu og gera desembermánuð sem og alla aðra mánuði ársins að baktalslausum mánuðum. Það getur verið erfitt fyrir ýmsa að losa sig frá slíku tali vegna þess að það er vanabindandi. Sumir hafa hreinlega vanið sig á að tala illa um náungann, eða einhvern veginn leiðst út í það. En lengi má manninn reyna og ef við einsetjum okkur að forðast illt umtal getum við það. Vilji er allt sem til þarf.

Jólin ítreka einmitt slíka afstöðu þegar við horfum til barnsins í jötunni. Þar sjáum við kærleika Guðs til okkar mannanna, náð hans og umhyggju. Undraráðgjafinn og eilífðarfaðirinn fæddist í litlu saklausu barni. Í því var ekki myrkur, vonska eða illt umtal, heldur hlýja, mildi og ástúð. Leyfum áhrifum litla barnsins að umvefja okkur á þessari aðventu og á jólum. Áhrif barnsins eru aðeins góð og jákvæð. Dveljum þess vegna við jötu þess og veitum Jesúbarninu lotningu með því að gera hið góða og fagra og stefna á hið fullkomna.

Kæri lesandi: Guð gefi þér og þínum ánægjulega aðventu og gleðileg jól.

Hermann Arason
stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar
bæjarbúum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

SELTJARNARNESBÆR

Helgihald um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

16. desember
– þriðji sunnudagur í aðventu
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
Sóknarprestur þjónar ásamt leiðtogum í sunnudagaskólanum.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Jólasveininn kemur í heimsókn og gefur börnunum gjafir. Kaffiveitingar og samfélag í safnaðarheimilinu eftir athöfn.

23. desember - Þorláksmessa
- fjórði sunnudagur í aðventu
Orgeltónar við kertaljós kl. 22.
Friðrik Vignir Stefánsson leikur á orgelið og Eygló Rúnarsdóttir syngur.

24. desember - aðfangadagur jóla
Sálmurinn Heims um ból 200 ára
- 1818-2018. Samvera kl. 14.
Sr. Kristján Valur Ingólfsson, fyrrverandi vígslubiskup, flytur hugleiðingu um sálminn Heims um ból kl. 14 -15 í kirkjunni.

Aftansöngur kl. 18.
Sóknarprestur þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir syngur einsöng. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja.
Friðrik Karlsson leikur á gítar.

Helgistund á miðnætti, kl. 24,
á jólanótt
Sóknarprestur þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Þorsteinn Freyr Sigurðsson syngur.
Heims um ból sungið við kertaljós og gítarundirleik.

25. desember – jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Ragnheiður Erla Bjarnadóttir prédikar. Sóknarprestur þjónar fyrir altari. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Þóra H. Passauer syngur einsöng. Kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu.

26. desember
- annar í jólum
Helgistund kl. 10 í tengslum við Kirkjuhlaup Trimmklúbbs Seltjarnarness.
Sóknarprestur þjónar og organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu eftir hlaup.

30. desember
- sunnudagur á milli jóla og nýárs
Guðsþjónusta kl. 11.
Sóknarprestur þjónar. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Brynhildur Þóra Þórsdóttir syngur einsöng. Kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu.

31. desember - gamlársdagur
Kirkjan opin kl. 20.30-22 á sama tíma og fólk fer á og kemur af brennu.
Heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu.
Tónlist leikin í kirkjunni.

Fyrsti janúar 2019 - nýársdagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Eiríkur Jóhannsson prédikar.
Sóknarprestur þjónar fyrir altari.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Sigþrúður Erla Arnardóttir syngur einsöng. kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú á aldarafmæli fullveldisins líta margir yfir farinn veg og velta fyrir sér lífinu almennt og þeim framförum sem átt hafa sér stað þessi eitt hundrað ár. Margt jákvætt en annað miður. Á þessu afmælisári hefur ýmislegt verið gert og boðið upp á til að minnast tímamótanna.

Nú á haustdögum var eldri borgurum á Seltjarnarnesi boðið á Gæðastund í Listasafni Íslands á sýninguna Lífsblómið sem fjallar um fullveldi Íslands í 100 ár. Þar var farið yfir söguna og sjálfstæðisbaráttuna og stiklað á stóru á mjög aðgengilegan og skemmtilegan hátt. Þessi sýning stendur enn yfir í Listasafninu. Einnig hefur verið farið í ferðir bæði í Eldfjallasetrið á Hvolsvelli og á sýninguna Undur náttúrunnar í Perlunni þar sem saga landsins frá þessu tímabili er tekin fyrir og gerð lifandi fyrir sjónum fólks.

Fimmtudaginn 13. desember ætlum við að heimsækja Listasafnið aftur og mæta þar á aðra Gæðastund undir heitinu Litlu jólin /jólin koma. Leiðsögn um safnið og söguna. Þá er tilvalið tækifæri fyrir þá sem ekki sáu Lífsblómið í haust að nýta sér þessa ferð. Boðið verður upp á kaffi og bakkelsi. Farið verður frá Skólabraut kl. 13.30. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig er skráning og allar upplýsingar í síma 8939800.

Ýmislegt fleira er í boði nú í desember í aðdraganda jólanna. Þriðjudaginn 11. desember verður stund fyrir eldri borgara í kirkjunni kl. 12.30. Boðið verður upp á hangikjöt og meðlæti. Verð kr. 2.000.- Skráningarblöð liggja frammi í kirkjunni, á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig má skrá sig í síma 8996979 og 8939800.

Nú föndrum við fyrir jólin. Jólaföndurdagar 3. 5. og 10. desember í salnum á Skólabraut milli kl. 13.00 og 15.00. Jólakrukkur, lyklakippur ofl. og eru allir hjartanlega velkomnir.

Miðvikudaginn 19. desember verður svo Söngur og súkkulaði í salnum á Skólabraut frá kl. 14.00. Gunnar Þór Bjarnason les og fjallar um bók sína Fullveldi Íslands og atburðir ársins 1918, nemendur frá Tónlistarskólanum koma í heimsókn og leika nokkur lög og jólasveininn kíkir við. Notaleg samverustund í anda jólanna. Heitt súkkulaði og randalínur. Allir hjartanlega velkomnir.

Með þessum degi 19. desember lýkur skipulögðu vetrarstarfi félags og tómstunda fyrir jól.

Athugið að kaffið verður á sínum stað í króknum alla virka daga kl. 10.30. Einnig er fólk hvatt til að fylgjast með dagskrá Bókasafnsins nú fyrir jólin.

Dagskráin hefst aftur fimmtudaginn 3. janúar skv. hefðbundinni dagskrá og þann dag verður félagsvist í salnum á Skólabraut kl. 13.30. Nýtt dagskrárblað félags og tómstundastarfs eldri borgara fyrir tímabilið janúar – júní 2019 kemur út fljótlega í janúar og verður það borið heim til allra eldri bæjarbúa.

Starfsfólk félags og tómstundastarfs óskar ykkur öllum gleðilegrar hátíðar, árs og friðar og þakkar ánægjulegt samstarf og góðar stundir á árinu sem er að líða.

Hver freyðitafla inniheldur Asetýlsalicýlsýru 500 mg og koffín 50 mg. Freyðitaflan skal leyst upp í vatni. Við vægum verkjum og mígreni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. MEDA AB. MEO181201 - desember 2018.

Slysavarnakonur í heimsókn í Mýró

Í lok október fengu nemendur í Mýrarhúsaskóla heimsókn frá konum í Slysavarnadeildinni Vörðunni á Seltjarnarnesi sem gáfu öllum nemendum í 1. - 6. bekk endurskinsmerki.

Jafnframt fengu allir nemendur í 1. bekk afhent endurskinsvesti til að hafa hér í skólanum og nota þegar þau fara í vettvangsferðir á skólatíma. Slysavarnardeildin Varðan fagnar 25 ára afmæli á næstunni.

Hvað á hjúkrunar-heimilið að heita?

Hugmyndasamkeppni um nafn á nýja hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi

Samþykkt var á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 29. nóvember sl. tillaga bæjarstjóra um að efna til hugmyndasamkeppni um nafn á hjúkrunarheimilið sem nú er að verða tilbúið.

Bæjarráð skipaði þriggja manna dómnefnd sem mun fara yfir innsendar hugmyndir og leggja rökstudda tillögu að nafni fyrir fund bæjarráðs. Nefndina skipa þau Magnús Örn Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, Sigurþóra Bergsdóttir, bæjarfulltrúi og María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs.

Senda má tillögur að nafni á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða bréfleiðis til þjónustuvers Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi. Frestur til að skila inn tillögum að nafni er til 6. janúar 2019. Seltjarnarnesbær áskilur sér þann rétt að hafna öllum tillögum. Samkeppnin er öllum opin og íbúar eindregið hvattir til að taka þátt. Veitt verður viðurkenning fyrir þá tillögu sem valin verður.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Enginn samráðsfundur - allar tillögur minnihluta felldar

Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Nú á dögunum lögðu Sjálfstæðismenn fram fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2019 en ferlið í ár var ansi frábrugðið því sem við þekkjum frá fyrri árum. Enginn samráðsfundur meiri- og minnihluta var haldinn í ár og komu því 3 af 7 bæjarfulltrúum ekkert að ferlinu fyrr en að tillaga að fjárhagsáætlun var fullmótuð. Milli umræðna gagnrýndi minnihlutinn talsverða hækkun á gjaldskrám bæjarins sem munu allar hækka um 4% eða meira. Þessar hækkanir birtast í hærri leikskólagjöldum, hitaveitan hækkar um tæp 6%, heimaþjónusta eldri borgara og þátttökukostnaður í mat og tómstundum hækkar umfram 4% og svona mætti lengi telja. Einnig er samdráttur í fjármagni til félagsþjónustu bæjarins milli ára þrátt fyrir aukna þörf og skýra kröfu félagsmálastjóra um aukið fjármagn til að sinna barnavernd og öðrum lögbundnum verkefnum.

Við seinni umræðu fjárhagsáætlunar lagði minnihlutinn fram tillögu um breytingar á fjárfestingum ársins 2019 þar sem ólíklegt verður að teljast að þær 100 milljónir sem áætlaðar eru í byggingu sérbýlis fyrir fatlað fólk verði nýttar til fulls á árinu vegna þess að ekki er búið að ljúka staðarvali og skipulagsvinnu fyrir verkefnið. Tillaga minnihlutans var því að færa 30 milljónir af þessu verkefni yfir á önnur nauðsynleg viðhalds- og uppbyggingarverkefni sem íbúar, starfsfólk og sviðstjórar bæjarins höfðu óskað eftir. Verkefnin sem við lögðum til að ráðist væri í voru að:

Setja 5 milljónir í viðhald og endurbætur á búsetukjarna fatlaðs fólks við Sæbraut, til þess að klára viðgerðir á húsinu að utan. Laga rakaskemmdir í útveggjum og lofti. Laga ofna, vaska og sprungur í veggjum ásamt ýmsum öðrum smáverkum.

Setja 10 milljónir í endurnýjun á húsgögnum í Grunnskóla Seltjarnarness til að hefja nauðsynlega endurnýjun á innviðum í kennslustofum.

Setja 5 milljónir í endurnýjun á Félagsheimili Seltjarnarness sem er komið á tíma.

Setja 10 milljónir í félagsaðstöðu aldraða við Skólabraut. Breyta dagvistun sem flyst á hjúkrunarheimilið í félagsaðstöðu, endurnýja púttvöllinn sem skemmdist vegna framkvæmda á íþróttahúsinu með hita og gervigrasi og endurnýja tæki og tól.

Þetta töldu Sjálfstæðismenn ekki vera forgangsverkefni og felldu þeir allar tillögurnar. Þetta getur ekki talist öflug byrjun á kjörtímabili meirihlutans sem hefur nú í fyrsta sinn í sögunni minnihluta atkvæða á bakvið sig. Afrekaskrá meirihlutans á þessu hálfa ári er nú að leggja til að fækka bæjarstjórnarfundum, hækka laun bæjarstjóra, henda út áheyrnarfulltrúa N lista úr bæjarráði og nú loks að draga saman útgjöld til félagsmála, hækka álögur á barnafólk, eldri borgara og öryrkja og hafna nauðsynlegum fullfjármögnuðum fjárfestingum í innviðum bæjarins.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga

Örfáar línur að vestan

Kæru lesendur.

Ef einhver ber af í þjóðfélagi okkar, eða er öðruvísi en aðrir, er hann oftar en ekki Vestfirðingur eða af vestfirskum ættum. Svo segja sumir. Og bæta jafnvel við: Manngildi meta Vestfirðingar í dugnaði og slíkum eiginleikum, en síður í peningum. Gamansemi er þeirra lífselexír.

Vestfirska forlagið var stofnað á Hrafnseyri í Arnarfirði 17. júní 1994. Tilgangurinn: Að vekja athygli og áhuga á Vestfjörðum og innbyggjurum þeirra fyrr og síðar. Og varðveita ýmsar persónusögur og sagnir sem margar hefðu að öðrum kosti farið beint í glatkistuna. Fjöldi þeirra hundruð höfunda sem hafa skrifað í bækurnar að vestan, hafa aldrei gefið út eftir sig staf fyrr en hjá forlaginu við yzta haf. Merkilegt rannsóknarefni út af fyrir sig. Þetta bókaforlag hefur kannski verið rekið af einhvers konar hugsjón. En allavega ekki til að græða peninga.

Vestfirska forlagið hefur gefið út á fjórða hundrað bækur og rit um Vestfirði og Vestfirðinga. Og það án þess að nokkur maður hafi tekið eftir því! Geri aðrir menntaskólar betur. Þetta er náttúrlega bilun. En það verður bara að hafa það!

Að þessu sinni erum við með 7 bækur í jólabókaflóðinu. Við vonum að þið dragið eina og eina að landi hjá ykkur. Vestfjarðabækurnar fást í flestum búðum sem á annað borð höndla með bækur.

Með bestu kveðjum.

Vestfirska forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

zonnic®

ÁN TÓBAKS
MEÐ NIKÓTÍNI

Zonnic Mint munnholsduft í posa og Zonnic Pepparmint munnholsúði innihalda nicotin. Lyfin eru ætluð til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is

Jólaæfing hjá fimleikakrökkum

Hressir fimleikakrakkar að lokinni jólaæfingu.

Síðastliðna helgi fór fram opin jólaæfing hjá iðkendum úr A, B, C, S og T hópum. Þar fengu foreldrar, systkini, ömmur og afar að koma og fylgjast með þessum duglegu fimleikakrökkum. Að lokinni æfingu var síðan öllum boðið upp á safa og piparkökur í félagsheimili Gróttu.

Laugardaginn 24. nóvember var síðan síðasti tíminn hjá 3ja, 4ra og 5 ára iðkendum á haustönn. Það var einnig opin æfing og börnin sýndu aðstandendum hvað þau hafa verið að læra á haustönn. Þau stóðu sig öll rosalega vel og við hlökkum til að taka á móti þeim á nýju ári.

Opnað hefur verið fyrir skráningu á vornámskeið fyrir iðkendur fædda 2013, 2014 og 2015 inn á https://grotta.felog.is/. Námskeiðin standa yfir frá 5. janúar til 27. apríl.

Námskeiðin verða eins og áður á laugardögum.

Stubbar 2015 kl. 09:20 – 10:10.

Stubbar 2014 kl. 10:20 – 11:10.

A1 2013 kl. 11:20 – 12:20.

1X2

GETRAUNANÚMER GRÓTTU ER 170

Sóknarleikur næstu ára

Pistil eftir Magnús Örn Helgason

Haustlægðir, hálka, skammdegi og jólastress - ekkert af þessu kemur í veg fyrir að iðkendur og þjálfarar knattspyrnudeildar Gróttu mæti galvaskir út á Vivaldivöllinn á hverjum degi og iðki íþrótt sína af kappi. Það er engin tilviljun að 2018 hafi verið frábært knattspyrnuár hjá Seltirningum. Meistaraflokkur karla fór upp um deild á eftirtektarverðan hátt, meistaraflokkur kvenna náði sínum besta árangri frá upphafi, 2. og 3. flokkur karla fóru upp um deild og aldrei hafa fleiri stelpur æft fótbolta hjá Gróttu! Félagið er í blússandi sókn.

Magnús Örn Helgason.

En þrátt fyrir gott gengi á fjölmörgum sviðum er mikilvægt að sofna ekki á verðinum. Þjálfarar verða áfram að leggja hjarta og sál í þjálfun iðkenda á öllum aldri og félagið má ekki missa öfluga sjálfboðaliða og styrktaraðila. Gróttustelpur- og strákar vita að dugnaður fleytir manni langt og maður þarf að hafa hugrekki til að gera mistök og læra af þeim.

Aðstaðan skiptir líka sköpum. Nýtt gervigras sem lagt var á Vivaldivöllinn árið 2016 var gríðarlegt framfaraskref og Seltjarnarnesbæ til sóma. Ýmislegt er þó farið að láta á sjá á vallarsvæðinu sem kallar á lagfæringar og endurnýjun. Færanleg æfingamörk eru komin til ára sinna og nokkur þeirra eru hreinlega að liðast í sundur. Varamannaskýlin, sem eru orðin 11 ára, eru brotin á nokkrum stöðum og félaginu ekki til sóma. Ennfremur er vallarhúsið, sem var byggt 2009, löngu sprungið enda hefur iðkendum fjölgað verulega og meistaraflokkur kvenna tekið til starfa. Í húsinu eru aðeins fjórir búningsklefar og þegar leikir eru á vellinum hafa iðkendur sem mæta til æfinga oft ekki aðstöðu til að skipta um föt.

Það er einmitt athyglisvert að sjá hvernig Stjarnan og Garðabær hafa brugðist við auknum umsvifum í knattspyrnunni. Á síðustu tveimur árum hafa litlir æfingavellir verið útbúnir á Stjörnusvæðinu með flóðlýsingu og nýju gervigrasi en fyrir eru tveir stórir vellir ásamt tveimur battavöllum. Búningsklefamálum hefur verið reddað með upphituðum gámum við æfingasvæðið og þá hefur Garðabær fjárfest í rúmlega 20 mörkum í ýmsum stærðum til að æfingar hjá Stjörnunni megi ganga sem best. Það má segja að nágrannar okkar hafi haldið vöku sinni og fjárfest til framtíðar.

Ég skora á aðalstjórn Gróttu og bæjaryfirvöld að reima á sig takkaskóna og hjálpa Gróttu til frekari sigra. Ráðast strax í úrbætur á vallarsvæðinu og fara svo að leggja drög að stærri framfaraskrefum. Eins og stækkunar vallarhúsnæðisins og yfirbyggingu áhorfendastúkunnar. Sókndjarfar hugmyndir, segja eflaust einhverjir, en Grótta neitar að pakka í vörn.

Höfundur er þjálfari meistaraflokks kvenna hjá knattspyrnudeild Gróttu



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Margrét Á. Guðjónsd.

Kristín Ingólfsdóttir

Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Iris og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Jenný Guðmundsdóttir sem er formaður nemendaráðs Valhúsaskóla og situr núna þriðja árið í röð í nemendaráðinu. Hún æfir CrossFit á Granda101 og er á sínu 6. ári í píanónámi við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Hún hef mikinn áhuga á því að syngja og leika og tók m.a. þátt í því að setja upp leikritið Með allt á hreinu sem var 1. des leikrit 10. bekkjar þetta árið.

Fullt nafn? Jenný Guðmundsdóttir.
Fæðingard. og ár? 15. febrúar 2003.
Starf? Nemandi í 10. bekk í Valhúsaskóla og starfsmaður í móttökunni hjá Granda101.
Farartæki? Litla rauða hjólið mitt en svo er ég einnig með einkabílstjóra, Óttar Orri stóri bróðir minn keyrir mig hvert sem ég vil fara.
Helstu kostir? Er mjög hjálpsöm, legg mig alla fram þegar ég tek að mér verkefni og kýs að sá það besta í fólki.
Eftirlætis matur? Nautalund með bernaise og bakaðar kartöflur ala pabbi.
Eftirlætis tónlist? Elska allt með Queen og Abba, svo fíla ég soul tónlist mjög vel sérstaklega lög með Arethu Franklin.
Eftirlætis íþróttamaður? Væntanlega CrossFit drottningarnar Katrín Tanja og Annie Mist, svo er Jakóbína frænka mín rosaleg fyrirmynd sem fékk mig út í CrossFittið.
Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Grey's Anatomy!! Tek frá miðvikudaga til að horfa á þættina með mömmu.
Besta bók sem þú hefur lesið? Án efa bókin "Dóttir hennar, dóttir mín".
Uppáhalds leikari? Will Smith er besti leikari okkar tíma!! Einnig finnst mér alltaf gaman að sjá Nínu Dögg og Gísla Örn koma fram, þau eiga sér stað í hjarta mínu.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? The Boy In The Striped Pajamas.
Hvað gerir þú í frístundum þínum? Eyði öllum mínum tíma í Selinu eða á Granda101, í þau fáu skipti sem ég fæ pásu reyni ég að æfa, spila á píanóið eða eyða tíma með vinum mínum.
Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Toppurinn á SportGastein skíðasvæðinu, fór þangað með fjölskyldu minni og vinum í mars og útsýnið þar er eins og listaverk það er svo fallegt.
Hvað metur þú mest í fari annarra? Góðmennsku og hvernig það bregst við þegar aðrir þurfa aðstoð.
Hvern vildir þú helst hitta? Hjört afa minn.
Uppáhalds vefsíða? Netflix er besta vefsíða sem sett hefur verið upp í sögu alheimsins.
Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Mér finnst alltaf langbest að fá persónulegar gjafir sem hafa fallega og skemmtilega hugsun bak við sig.
Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Ég myndi útbúa upptöku stúdíó í bílskúrnum heima, fara í (nú þegar planaða) heimsreisu með vinkonu minni og leggja rest í framtíðarreikning.
Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Sjá til þess að strætóleið 13 færi allan hringinn um Seltjarnarnes til þess að auðvelda mörgum menntaskólanemum leið sína í skólann og hækka laun í unglingavinnunni.
Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að vera hamingjusöm og stolt af sjálfri mér. Mig langar að flytja til New York og fara í söng- og leiklistarnám við háskóla þar, mér líður alltaf svo vel í leikhúsinu og vonast til að starfa við söng- og leiklist í framtíðinni.
Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Átti heima á Granda101 í sumar, ef ég var ekki að vinna þá var ég á æfingu og ef ég var ekki á æfingu þá var ég í sundi eða bara að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni og vinum mínum.

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tölvuland.is

Jólagóðgæti að hætti Jóa Fel

Jói Fel

BAKARÍ